

# Vatnaskil eða vaxtarverkir

## Er ferðaþjónustan komin að tímamótum?

**Daníel Svavarsson**
Forstöðumaður Hagfræðideildar

# Hvert er ferðaþjónustan komin í þjóðhagslegu tilliti?




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

- Hlutfall ferðaþjónustu af heildarútflutningi tvöfaldast frá 2010
- Hlutfall í landsframleiðslu vaxið úr 4,7% í 8,2%
- Hlutfall vinnuafls í ferðaþjónustu vaxið úr 10% í 13%

# Hvert vísa helstu hagvísar ferðaþjónustunnar



# Það hægir á fjölgun ferðamanna

## Fjöldi erlendra ferðamanna




Heimild: Ferðamálastofa

- 40% aukning erlendra ferðamanna í fyrra en 30% það sem af er þessu ári
- Það hægir verulega á fjölguninni yfir háannatímann (17% í ár en 31% 2016)
- En vöxturinn eykst utan háannatíma (56% í ár en 35% 2016)
- Meðalfjöldi ferðamanna janúar til apríl svipaður nú og á háannatíma (júl.-ág.) árið 2014

# Gjaldeyrisstreymið inn í landið enn að aukast en það hægir á







- Erlendir aðilar eyddu um 1,7 milljarði evra hér á landi með greiðslukortum sínum árið 2016, eða um 228 milljörðum króna
- Þetta jafngildir um 690 þúsund krónum á hvern íbúa landsins, eða ríflega 5.100 evrum
- Fyrstu 8 mánuði ársins jókst kortaveltan um 17% í krónum talið (47%) en 33% í evrum talið (56%)
- Meðalveltan á hvern ferðamann hefur verið stöðug á þessu ári í kringum 1000 evrur en hefur lækkað í krónum talið

Mánaðargögn, 12 mánaða hlaupandi meðaltöl á mynd til vinstri, krónur á föstu verðlagi
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

# Herbergjanýting hótela hætt að aukast







12 mánaða hlaupandi meðaltal
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

- Meðalherbergjanýting á höfuðborgarsvæðinu yfir árið hefur aukist úr 55% árið 2011 í tæp 87% í júlí 2017
- Framboð hótelgistingar jókst hratt á síðasta ári en verulega hefur dregið úr framboðsaukningu á þessu ári
- Þrátt fyrir minni framboðsaukningu og fjölgun ferðamanna er nýtingin aðeins að versna, en er engu að síður há í sögulegum og alþjóðlegum samanburði

# Heimagisting er í örum vexti

## Fjöldi bókanna Airbnb




Aðgengileg gögn um útleigu Airbnb í Reykjavík ná aðeins yfir tímabilið frá ágúst 2015 til og með ágúst 2017

- 152% aukning 2016
- 43% aukning 2017

Heildarveltan um 6,1 ma.kr. í Reykjavík í fyrra

Heimild: Airdna, Hagfræðideild Landsbankans

# Gistimarkaðurinn hefur tekið stakkaskiptum

**Gistinætur á hótelum og Airbnb**




**Hlutfallsleg skipting**




- Verulega hefur hægt á fjölgun gistinátta hjá hótelum og raunar mældist fækkun gistinátta hjá hótelum á milli ára bæði í maí og júlí
- Enn mælist hins vegar kröftug aukning í Airbnb-gistingu en þó ekkert í líkingu við aukninguna sem varð seinni hluta árs 2016
- Airbnb líklega með u.þ.b. 50% markaðshlutdeild á höfuðborgarsvæðinu yfir sumartímann
- Ólíklegt að Airbnb geti vaxið mikið meira án verulegra hliðaráhrifa á íbúðaverð og íbúasamfélag í vissum hverfum
- Fjölga þarf hótelherbergjum

Heimild: Airdna, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

# Hvað drífur þróunina?



# Flugið er lykillinn




- Erlendar rannsóknir sýna að raungengisbreytingar eru víðast hvar lykiláhrifaþáttur á ferðaþjónustu en það samband virðist býsna flókið hér á landi
- Frekari rannsóknir hafa sýnt að í litlum eyríkjum þar sem ferðaþjónusta er lykilatvinnugrein eru flugtengdir þættir stærstu áhrifavaldarnir

**Fjölgun flugferða er áhrifamesta leiðin til að fjölga ferðamönnum**

# Aukið flugframboð hefur knúið fjölgun ferðamanna




- Árið 2016 voru skráðar tæplega 23 þúsund brottfarir í millilandaflugi (áætlunar- og leiguflugi), sem er 178% aukning frá árinu 2009.
- Að meðaltali fjölgaði brottförum árlega um 16% á tímabilinu en mest var aukningin í fyrra eða 33%.
- Árið 2010 tóku að meðaltali 23 flugvélar í millilandaflugi á loft frá Keflavíkurflugvelli á hverjum degi en 63 árið 2016

Heimild: Isavia, Hagfræðideild Landsbankans

# Mikil gróska í Ameríkuflugi




- Árið 2016 flugu um 808.000 farþegar með fimm flugfélögum frá Keflavík til 14 borga í Bandaríkjunum.
- Um það bil helmingur flugfarþega frá Bandaríkjunum heimsækja Ísland sem ferðamenn.

Heimild: Bureau of Transportation Statistics / US Department of Transportation, Hagfræðideild Landsbankans

# Íslensku flugfélögin eru ráðandi í flugi til og frá landinu




- Þrátt fyrir talsverða fjölgun erlendra flugfélaga sem fljúga nú til landsins er markaðshlutdeild íslensku flugfélaganna yfirgnæfandi, einkum í flugi til Bandaríkjanna, en samanlögð hlutdeild Icelandair og WOW air í Ameríkuflugi var um 94% í fyrra.

Heimild: Bureau of Transportation Statistics / US Department of Transportation, Hagfræðideild Landsbankans

## Hraður og stjórnlaus vöxtur reynir á þolmörkin

- Ferðaþjónustan er komin í lykilhlutverk í hagkerfinu en þjóðarbúið er jafnframt orðið viðkvæmt gagnvart áföllum í greininni.
- Ferðamönnum fjölgar enn hratt en það hægir á fjölguninni. Útgjöld ferðamanna hafa fylgt svipaðri þróun.
- Gistimarkaðurinn á höfuðborgarsvæðinu er kominn að þolmörkum - allt að helmingur erlendra gesta velur Airbnb fram yfir hótelin.
- Aukið flugframboð hefur knúið vöxt greinarinnar síðustu ár. Íslensku flugfélögin hafa verið í ráðandi og eru hvort um sig gríðarlega mikilvæg fyrir greinina og í raun hagkerfið í heild.
- Tímabært að stjórnvöld taki stefnumótun í ferðaþjónustu fastari tökum. Áframhaldandi fjölgun ferðamanna á sama hraða og undanfarin ár er óæskileg nema uppbygging innviða leiði þróunina.